

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2019 - 2022

ásamt greinargerðum



Samþykkt í bæjarstjórn 28. nóvember 2018



MOSFELLSBÆR



EFNISYFIRLIT

Greinargerðir með fjárhagsáætlun.....	3
Greinargerð bæjarstjóra.....	4
Greinargerðir framkvæmdastjóra sviða.....	8
Fjölskyldusvið	8
Fræðslu- og frístundasvið	9
Umhverfissvið	13
Þjónustu- og samskiptadeild, mannauðsdeild og fjármáladeild	16
Nánari umfjöllun um einstakar deildir	17
02 – Fjölskyldusvið.....	17
04/06 – Fræðslu- og frístundasvið.....	22
Umhverfissvið liðir 08/09/10/11/31/33/43/47/63	28
05/07/08/13/21 Sameiginlegur kostnaður, þjónustu- og samskiptadeild, fjármáladeild og mannauðsdeild	32

GREINARGERÐIR MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2019 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna reksturs A-hluta bæjarsjóðs auk samantektar á A- og B-hluta.

Greinargerðunum er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. A-hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og þjónustustöð. Í B-hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu bæjarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.


Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2019 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 verður rúmlega 443 m.kr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar eftir fjármagnsliði. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 1.301 m.kr. eða 10,7 % af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka og verði skuldaviðmiðið 100,4% af tekjum í árslok sem er umtalsvert undir mörkum sveitarstjórnarlaga.

Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 56% af heildartekjum sveitarfélagsins sem er álíka hlutfall og á síðasta ári.

Álagningarhlutfall útsvars er 14,48% sem er undir leyfilegu hámarki samkvæmt gildandi lögum.

SKIPTING SKATTTEKNA



Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka í takt við almennar launahækkanir og 5,5% fjölgun íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að tekjur af útsvari nemi um 6878 m.kr. á árinu, sem er rúmlega 11,5% hækkun milli ára.

Skatttekjur (í m.kr.)	Áætlun 2019	Áætlun 2018	Breyting milli ára
Útsvar	6.878	5.932	946
Fasteignaskattur og lóðaleiga	1.135	987	148
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.882	1.748	134
Samtals	9.895	8.667	1.228



GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Það er okkur Mosfelllingum ánægjuefni að rekstur og starfsemi Mosfellsbæjar er nú sem áður í góðu horfi. Sveitarfélagið okkar vex og dafnar sem aldrei fyrr, reksturinn er skilvirkur, starfsfólk okkar stendur sig vel og efnahagsleg staða þjóðarbúsins er með miklum blóma.

Staðan hjá okkur er sú að íbúum fjölgar, tekjur aukast, skuldir lækka, álögur á íbúa og fyrirtæki lækka, þjónusta við íbúa og viðskiptavinum eykst, innviðir eru byggðir upp til að mæta framtíðarþörfum en samhliða er rekstrarafgangur af starfseminni.

Þetta er um margt öfundsverð staða en um leið mikilvægt að muna að það þarf sterk bein til að þola góða tíma, og ég tel að með þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram sé lagður grunnur að enn farsælli framtíð.

Framtíðarsýn okkar er sú að Mosfellsbær sé fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi. Fjárhagsáætlun ársins 2019 er ætlað að endurspeglar áherslur sem færa okkur nær þessari framtíðarsýn. Til að þessi framtíðarsýn gangi eftir þarf að ríkja jafnvægi í rekstrinum, og gæta þarf þess að vöxtur sveitarfélagsins sé efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbær.

Rekstur Mosfellsbæjar einkennist af ábyrgð og því að langtímasjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Skuldastaða sveitarfélagsins endurspeglar þetta vel og er ásættanleg í ljósi uppbyggingar og vaxtar bæjarfélagsins næstu árin.

Á næsta ári verða stærstu nýju innviðaverkefnið annars vegar framkvæmdir við byggingu fjölnota íþróttahúss með það að markmiði að starfsemi hefjist í húsinu haustið 2019 og hins vegar að halda áfram framkvæmdum við Helgafellsskóla, en starfsemi hefst í fyrsta áfanga skólans í janúar 2019.

Á sviði skóla- og frístundamála verða engar hækkanir á gjaldskrár fyrir utan verðlagshækkun á skólamáltíðum næsta haust og þá er lagt til að leikskólagjöld lækki um 5% á árinu 2019. Einnig er gert ráð fyrir að komið verði á fót 20 nýjum plássum á leikskólum fyrir 12-18 mánaða börn og áfram verði varið verulegum fjármunum til frekari upplýsinga- og tæknimála og annarra verkefna sem bæta aðstöðu í grunn- og leikskólum bæjarins.

Á sviði fjölskyldumála er lagt til að framlög til afsláttar á fasteignagjöldum tekjulægri elli- og örorkuþega lækki um 25%. Á sviði menningarmála er lagt til að framlag í lista- og menningarsjóð lækki um 20%.

Á sviði umhverfismála verða framlög aukin til viðhalds húsa og lóða bæjarins. Þá stendur fyrir dyrum endurskoðun á aðalskipulagi og að lokið verði við mótun umhverfisstefnu. Loks mun Mosfellsbær taka þátt í norrænu tilraunaverkefni sem kallast Attractive Nordic Towns sem felur í sér að setja upp rými sem auðveldar og bætir aðgengi íbúa og gesta Mosfellsbæjar að upplýsingum um mikilvæg hagsmunamál eins og breytingar á sviði skipulagsmála. Þá verður unnt að nýta rýmið til þess að miðla tillögum í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó.



Á sviði miðlægrar þjónustu er lagt til að unnið verði að verkefnum sem lúta að því að sækja fram á sviði rafrænnar þjónustu og stjórnsýslu þvert á skipulag bæjarins, í samvinnu við íbúa. Þá verði áfram unnið að því að mæta kröfum nýrrar persónuverndarlöggjafar og að umbótum á sviði þjónustu almennt séð.

Við upphaf nýs kjörtímabils samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar breytingar á fyrirkomulagi nefnda hjá Mosfellsbæ. Til varð ný nefnd sem heitir lýðræðis- og mannréttindanefnd og sinnir lýðræðismálum sem áður voru á borði bæjarráðs og jafnréttismálum sem áður var sinnt af fjölskyldunefnd. Þá varð til ný nefnd sem nefnist menningar- og nýsköpunarnefnd og tekur við verkefnum sem áður var sinnt af menningarmálanefnd og þróunar- og ferðamálanefnd. Við þá breytingu víkkar verksvið nefndarinnar. Atvinnumálum sem málaflokkir, að því leyti sem þau eru ekki falin bæjarráði, verður sinnt af menningar- og nýsköpunarnefnd. Loks var ákveðið að forvarnamál sem áður var sinnt af fjölskyldunefnd verði í framtíðinni verkefni íþróttar- og tómstundanefndar sem samhliða sinni lýðheilsu- og forvörnum almennt.

Á síðustu misserum hefur verið unnið að endurskoðun á umhverfisstefnu, stefnu í málefnum eldra fólks og menningarstefnu Mosfellsbæjar. Þá stendur fyrir dyrum að marka Mosfellsbæ lýðheilsustefnu. Gera má ráð fyrir því að sú stefnumörkun, sem er á forræði einstakra nefnda bæjarins, verði lögð fram til umfjöllunar í bæjarstjórn fyrri hluta árs 2019.

Ekki er gert ráð fyrir almennri hækkun gjaldskráa fyrir veitta þjónustu og lækka gjaldskrár því að raungildi milli ára fjórða árið í röð auk þess sem leikskólagjöld lækka um 5%. Loks er lagt til að álagningarhlutföll fasteignaskatts, fráveitu- og vatnsgjalds verði lækkuð um 7%.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2019 eru að:

- Afgangur sé af rekstri bæjarins og að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 11% af tekjum.
- Álagningarhlutföll fasteignagjalda íbúðahúsnæðis lækki um ríflega 7%.
- Skuldir sem hlutfall af tekjum haldi áfram að lækka.
- Gjaldskrár fyrir þjónustu lækki að raungildi milli ára fjórða árið í röð og leikskólagjöld lækki um 5%.
- Fasteignagjöld á atvinnurekstur lækki.
- Frístundaávísun fyrir 67 ára og eldri verði tekin upp.
- Auknum fjármunum verði varið til fræðslumála með áherslu á eflingu stoðþjónustu í skólum.
- Fjölgað verði um eitt stöðugildi í Listaskólanum til að sinna kennslu úti í grunnskólunum.
- Hefja rekstur í fyrsta áfanga Helgafellsskóla í ársbyrjun.
- Upplýsinga- og tæknimál í grunn- og leikskólum verði áfram eflað.
- Þjónustu við 12-18 mánaða börn augin og plássu fjölgað um 20.
- Auka þjónustu við 12-18 mánaða börn og fjölga plássu um 20.
- Fjölnota íþróttahús að Varmá verði tekið í notkun.
- Setja á laggirnar heimili fyrir geðfatlaða í byrjun árs.

- Fjölga félagslegum íbúðum.
- Viðhaldsfé fasteigna bæjarins aukist um 25% frá fyrra ári.
- Framlög til afsláttar af fasteignagjöldum til tekjulægri eldri borgara hækki um 25%.
- Vinna að verkefnum undir heitinu Snjallbærinn Mosfellsbær svo veita megi fyrsta flokks rafræna þjónustu og stjórnsýslu í samvinnu við starfsmenn og íbúa, til samræmis við áherslur í stefnumótun Mosfellsbæjar til ársins 2027.
- Lýðræðisverkefnið Okkar Mosó verði sett aftur af stað í byrjun árs og kallað eftir tillögum íbúa að verkefnum á sviði umhverfismála sem kosið verði um í íbúakosningu.
- Lokið verði við mótun lýðheilsustefnu Mosfellsbæjar.

Sem fyrr er verk að vinna á sviði fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Mosfellsbær rekur tvö verkefni á grundvelli samninga við ríkið sem hafa verið rekin með halla, og við það verður ekki unað öllu lengur. Þau verkefni leysum við m.a. í samvinnu við önnur sveitarfélög og er einkar mikilvægt að lausnin feli í sér heildstæða endurskoðun á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Meginhluta útgjalda Mosfellsbæjar er varið til starfsemi leikskóla, grunnskóla, listaskóla, íþrótt- og tómstundamála hvers konar og verkefna á sviði félagsþjónustu. Í fjárhagsáætlun ársins 2019 er nú sem fyrr lögð áhersla á að þróa þá grunnþjónustu sem bærinn veitir í þessum málaflokkum á grunni öflugs faglegs starfs og á grunni þess fjárhagslega styrks sem lýst var hér að framan.

Það er mikilvægt að allir íbúar finni með jákvæðum hætti áhrifin af fjölgun íbúa sveitarfélagsins, að okkur takist að vernda það sem við stöndum fyrir sem samfélag um leið og við tökum vel á móti nýjum íbúum og því sem þeir bera með sér.

Á hverju ári fer fram mikil vinna innan Mosfellsbæjar við undirbúning og framkvæmd vinnu við fjárhagsáætlunargerð. Sú vinna er leidd af fjármáladeild bæjarins, framkvæmdastjórum og forstöðumönnum. Ég vil þakka öllu okkar flotta starfsfólki fyrir óeigingjarnt starf við að setja fjárhagsáætlun ársins 2019 saman.

Gildi Mosfellsbæjar eru okkur starfsmönnum mikilvæg en þau eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Við höfum lagt áherslu á að tileinka okkur gildin við lausn þeirra verkefna sem okkur eru falin á hverjum tíma og í samvinnu við íbúa og kjörna fulltrúa leiðum við Mosfellsbæ í átt að enn bjartari framtíð.

Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri

EIGNFÆRÐAR FJÁRFESTINGAR

Fyrirhugaðar eignfærðar fjárfestingar	2019
Varmárskóli - endurbætur	70 m.kr.
Lágafellsskóli - endurbætur	15 m.kr.
Brúarland endurbætur	5 m.kr.
Helgafellsskóli - nýbygging	655 m.kr.
Krikaskóli - endurbætur	5 m.kr.
Leikskólar - aðstaða fyrir 1-2ja ára börn - Leiktæki lóð	10 m.kr.
Íþróttamiðstöð að Varmá - endurbætur	110 m.kr.
Íþróttamiðstöð að Lágafelli	10 m.kr.
Fjölnota íþróttahús	600 m.kr.
Ævintýragarður	7 m.kr.
Skátaheimili	15 m.kr.
Stikaðar gönguleiðir	3 m.kr.
Golfvellir	26 m.kr.
Skiðasvæði	34 m.kr.
Hlégarður	12 m.kr.
Fjárfest í gatnagerð	554 m.kr.
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-808 m.kr.
Bifreiðar og tæki þjónustustöðvar	7 m.kr.
Samtals fjárfesting Fráveitu (nettó)	168 m.kr.
Samtals fjárfesting Hitaveitu (nettó)	94 m.kr.
Samtals fjárfesting Vatnsveitu (nettó)	151 m.kr.
Samtals fjárfesting í félagslegum íbúðum (nettó)	35 m.kr.



GREINAGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Í störfum sínum leitast starfsmenn fjölskyldusviðs við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar á þann hátt að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur einkennist af *virðingu* og *umhyggju*. Það gildir meðal annars um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. *Jákvæð viðhorf* í garð þessara aðila, ásamt *framsæknum vinnubrögðum*, eru jafnframt höfð að leiðarljósi.

Fjölskyldusvið hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum og félagsþjónustu, þar með talið félagslegu húsnæði, fjárhagsaðstoð, málefnum eldri borgara og þjónustu við fatlað fólk. Heildar fjárframlag vegna reksturs fjölskyldusviðs á árinu 2019 nemur samkvæmt áætlun samtals rúmlega 1.798 m.kr.

Framlag til Skálatúns vegur þýngst og er áætlað 645 m.kr. Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2019 mun nema um 46 m.kr. Áætlaðar eru um 49 m.kr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga. Undir fjölskyldusvið heyrir starfsemi tveggja búsetukjarna, í Hulduhlíð/Klapparhlíð og Þverholti, sem þjónusta alls 17 einstaklinga. Heimili fyrir börn var komið á fót síðla árs 2017 og dvelja tvö börn þar að jafnaði þrjár vikur í senn í hverjum mánuði, en að öðru leyti hjá fjölskyldum sínum.

Tólf íbúar Mosfellsbæjar búa við notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þeir fá tiltekna umsamda fjárhæð greidda mánaðarlega og stjórna því sjálfir eða með stuðningi aðstandenda hverjir veita þeim aðstoð, hvenær, hvar, hvernig og að hve miklu leyti, að því marki sem fjármagnið leyfir.

Áætlunin gerir ráð fyrir að áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk verði sett á laggirnar í byrjun ársins. Heimilinu er ætlað að vera stökkpallur út í lífið fyrir einstaklinga sem eiga við alvarlega geðræna erfiðleika að stríða. Gert er ráð fyrir mótframlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem mæti allt að helmingi kostnaðar við reksturinn.

Stöðugleiki er í þjónustu við fatlað fólk og óverulegir biðlistar eftir þjónustu.

Fjöldi heimila sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins hefur verið svipaður undanfarin þrjú ár (61-66). Í þeim hópi hefur einstaklingum sem eru sjúkraskráðir vegna fjölþætts vanda fjölgað til muna.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku breytingum 1. október 2018 og ný lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi frá sama tíma. Með lagabreytingunni er skilið skýrar á milli grunnþjónustu annars vegar og sértækrar þjónustu hins vegar, þannig að sveitarfélögum ber að fullnýta ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga áður en gripið er til úrræða samkvæmt síðarnefndu lögunum. Nýmæli í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er svokölluð stuðningsþjónusta, sem skyldar sveitarfélög til að veita slíka þjónustu allt að 15 klst. í viku, *þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar* eins og segir í 26. gr. laganna. Vænta má leiðbeininga frá ráðherra um framkvæmd þjónustunnar sem vinna skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Heimild er til gjaldtöku vegna þjónustunnar.



Mosfellsbær tók á móti kvótaflóttafólki, tíu einstaklingum frá Úganda, í byrjun árs 2018. Samningur Mosfellsbæjar og velferðarráðuneytisins er til febrúarloka 2019. Móttaka fólksins hefur gengið vel og samfélagið allt hefur sýnt því áhuga og stuðning.

Eftirspurn eftir sérstökum húsnæðisstuðningi hefur verið minni en áætlað var. Rekstraráætlun 2019 gerir ráð fyrir því að hún aukist samhliða kynningarátaki meðal leigjenda sem fá greiddar húsnæðisbætur ríkisins. Gert er ráð fyrir að félagslegum leiguíbúðum verði fjölgað á árinu. Bætt verði við heimild til að leigja eina íbúð af einkaaðila, raðhús í eigu bæjarfélagsins verði selt og andvirði þess nýtt til kaupa á tveimur íbúðum. Auk þess er gert ráð fyrir veitingu þriggja stofnlána.

Unnið hefur verið að viðhaldi leiguíbúða í samræmi við úttekt þar að lútandi. Því verður haldið áfram á árinu 2019.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um formlegan samráðsvettvang sveitarfélags, fulltrúa eldri borgara og heilsugæslu með skipan öldungaráðs. Ákvæði um þjónustuhóp aldraðra var felld úr lögnum með lagabreytingunni sem tók gildi í byrjun október. Lögin kveða jafnframt á um formlegan samráðsvettvang um málefni fatlaðs fólks með skipan í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks. Ekki er gert ráð fyrir að laun séu greidd fyrir fundarsetu í þessum samráðshópum.

Vinna sem tengist stofnunum fyrir fatlað fólk í Mosfellsbæ, hjúkrunarheimilinu Hömrum og samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu er viðamikill þáttur í starfsemi sviðsins.


Tekjur á árinu 2019 eru áætlaðar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Í Mosfellsbæ er öflugt fræðslu- og frístundastarf sem gerir bæjarfélagið fjölskylduvænt og eftirsóknarvert til búsetu. Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs tekur til leik- og grunnskóla, Listaskóla, frístundasels, félagsmiðstöðvar, ungmennahúss, dagforeldra, vinnuskóla, íþrótt- og tómstundaskóla, íþróttamiðstöðvar, íþróttavalla, skólaþjónustu og skólaaksturs. Í heild er áætlað að fjárframlög vegna reksturs á vegum fræðslu- og frístundasviðs á árinu 2019 nemi um 6.174 m.kr. sem er liðlega 59% af útgjöldum bæjarfélagsins til málaflokka.


Nokkur fjölgun íbúa hefur átt sér stað í bæjarfélaginu síðasta árið og endurspeglar fjárhagsáætlun ársins 2019 þá breytingu.

Í upphafi skólaársins 2018-2019 eru 1.772 börn á grunnskólaaldri skráð með lögheimili í Mosfellsbæ. Þar af eru 1.729 við nám í grunnskólum bæjarins en önnur í skólum utan sveitarfélagsins. Leikskólabörn á aldrinum 2-5 ára með lögheimili í Mosfellsbæ eru 571 og 1 árs börn eru 135. Af þessum hópi eru 593 skráð í leikskóla Mosfellsbæjar að ungarnadeildum meðtöldum, en auk þess eru 42 börn hjá dagforeldrum.



Fyrsti áfangi Helgafellsskóla verður tekinn í notkun í byrjun árs 2019 en þá hefja 1.-5. bekkur nám við skólann auk einnar deildar í leikskóla þar sem eru 5 ára börn. Við upphaf skólaársins 2019-2020 er áætlað að annar áfangi byggingarinnar verði tilbúinn. Þar er um leikskólahluta skólans að ræða og þá er gert ráð fyrir 4 ára börnum í leikskólann.

Á árinu 2019 er áætlað að fjölgun leik- og grunnskólabarna muni fyrst og fremst eiga sér stað í skólahverfum Helgafellsskóla og Varmárskóla. Í vesturhluta bæjarins, skólahverfi Lágafellsskóla, er fyrirsjáanleg einhver fækkun barna á grunn- og leikskólaaldri á næsta ári.





Haustið 2019 er stefnt á að 4 ára börn bætist við í Höfðabergi og að um leið verði aukið framboð á plássum á ungbarnadeildum Huldubergs.

Í fjárhagsáætlun 2019 er lagt til að áfram verði aukið við dagvistunarþjónustu fyrir yngstu bæjarbúana með því að bæta við 20 plássum á ungbarnadeildum Hlíðar og Huldubergs. Leikskólinn Hlíð færir þannig nær því að verða ungbarnaleikskóli og er miðað við að sú staða náist á árinu 2021. Í fjárhagsáætlun 2018 lækkuðu dagvistargjöldin fyrir yngstu börnin þannig að frá og með 13 mánaða aldri greiða foreldrar samkvæmt gjaldskrá gildandi leikskólagjalds óháð því hvort að barnið sé í leikskóla á vegum Mosfellsbæjar, einkareknum leikskóla eða hjá dagforeldri. Lagt er til að almenn gjaldskrá leikskóla lækki um 5% frá hausti 2019.


Við tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar var bætt við einu stöðugildi á síðasta ári. Lagt er til að þjónusta bæjarins við yngstu börnin í tónlistarnámi verði aukið í samvinnu við grunnskólana. Til að ná því markmiði er lagt til að frá áramótum 2019 verði bætt við einu stöðugildi við skólann sem sinni tónlistarkennslu úti í grunnskólum bæjarins.

Í skólastefnu Mosfellsbæjar er lögð áhersla á hugmyndafræði skóla fyrir alla þar sem megin stefið er að öll börn fái kennslu við hæfi í almennum leik- og grunnskólum en foreldrar hafi einnig val um sérskóla. Á síðasta skólaári fór af stað verkefni á sviði stoðþjónustu í Lágafellsskóla þegar Fellið var sett á laggirnar. Markmið þess verkefnis er að mæta þörfum þeirra barna sem eiga við tilfinninga- og hegðunarvanda að etja auk námserfiðleika.

Við upphaf skólaársins 2018-2019 fór af stað sambærilegt verkefni á sviði stoðþjónustu við Varmárskóla. Sett hafa verið á laggirnar þrjú úrræði, sem hlotið hafa heitin Atómstöðin, Gerpla og Heimsljós. Hlutverk þessara þriggja úrræða er ólíkt en öll hafa þau að markmiði, líkt og Fellið, að mæta þörfum barna á námi við hæfi. Lagt er til að í fjárhagsáætlun 2019 verði áfram stutt við uppbyggingu og þróun á þessum úrræðum innan skólanna. Fjölgun á ný- og snúbúum í skólum kallar á sérhæfða kennsluhætti og við því verður brugðist. Um 11% barna í leikskólum Mosfellsbæjar eru af erlendum uppruna og um 9% í grunnskólum. Í Varmárskóla er kominn vísir að nýbúadeild og lagt er til að í fjárhagsáætlun 2019 verði haldið áfram að styðja við þá þróunarvinnu sem þar á sér stað.

Árið 2018 var lagt af stað með átak í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Fagstarfsmenn og kennarar í leik- og grunnskólum hafa fengið til umráða fartölvur sem nýtast þeim í starfi. Lagðir voru umtalsverðir fjármunir í að koma upp þráðlausum tengingum í leik- og grunnskólum og endurnýjun hefur átt sér stað í kerfisbúnaði. Lagt er til að á næsta ári verði haldið áfram að efla upplýsinga- og tækniumhverfi grunnskólanna með megináherslu á spjald- og fartölvur fyrir nemendur og innleiðingu nýrra kennsluhátta.

Í Mosfellsbæ er boðið upp á öflugt frístundastarf og meginmarkmið þess er að búa vel að barnafjölskyldum og ungu fólki. Stefnt er að því að félagsmiðstöðin Ból hefji á árinu 2019




samvinnu við frístundastarfið í Helgafellsskóla og bjóði upp á klúbba- og félagsstarf fyrir 10-12 ára börn. Lagt er til að bætt verði við starfshlutfall í Bólinu til að sinna því verkefni. Ungmennahúsið Mosinn hefur aukið starf sitt frá stofnun þess fyrir tveimur árum og er ætlað ungmennum 16 ára og eldri. Mosfellsbær er

heilsuefandi samfélag og hluti af því er að bjóða upp á hreyfiaðstöðu fyrir almenning.

Íþróttamiðstöðvar og íþróttasvæði bæjarins spila þar stórt hlutverki. Aðsókn í íþróttamiðstöðvar hefur aukist á undanförunum árum. Á árinu 2018 er reiknað með svipuðum fjölda gesta í íþróttamiðstöðvarnar og síðastliðið ár. Lagt er til að gæsla í búningssklefum beggja íþróttamiðstöðva verði eflað til muna með það að markmiði að auka öryggi barna í búningssklefum. Íþróttasvæðið að Tungubökkum þarfnast viðhalds og lagt er til að fjármunum verði varið til lagfæringar á einum velli af þremur á árinu 2019 með það að markmiði að áfram verði haldið á komandi árum.

Mosfellsbær er heilsuefandi samfélag og er í forystuhlutverki á landsvísu á því sviði. Í nýrri samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar hefur íþrótt- og tómstundanevnd verið falið að annast forvarna- og lýðheilsu- og forvarnastefnu er hafinn og mun sú vinna halda áfram á næsta ári. Stofnaður verður samstarfshópur um lýðheilsu- og forvarnir og þeim hópi meðal annars falið að vinna drög að lýðheilsu- og forvarnastefnu sveitarfélagsins ásamt aðkomu íbúa og hagaðila.

Fjöldi barna sem nýtir frístundaávisanir



Þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi er einn af þremur burðarstólpum forvarnastarfs ásamt aðkomu heimila og skóla. Nýting frístundaávisana í Mosfellsbæ skólaárið 2017-18 er góð; 87,4% drengja nota ávisunina og 87,3% stúlkna.

Rannsóknir hafa sýnt að eitt öflugasta forvarnastarf með eldri borgurum og leið til aukinna lífsgæða er að stuðla að hreyfingu. Lagt er til að frá og með ársbyrjun 2019 verði boðið upp á frístundaávisun fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ. Slíka ávisun er hægt að nota í hreyfitilboð innan jafnt sem utan Mosfellsbæjar samkvæmt reglum sem settar verða þar um.

Á árinu 2018 voru allir samstarfssamningar við íþrótt- og tómstundafélög endurnýjaðir í samvinnu við félögin. Framlag til þeirra hækkar milli ára og kemur það fram í áætlun ársins 2019.

Á árinu 2019 eru lagðar til eftirfarandi breytingar á gjaldskrá á fræðslu- og frístundasviði: almennt gjald í leikskólum lækki um 5%, gjaldskrár í mótuneytum grunnskóla fylgi verðlagshækkunum og gjald fyrir hverja máltíð lækki um 10 kr., úr 390 kr. í 400 kr. Þá hækkar einstakt sundgjald úr 750 kr. í 800 kr. og leiga á söllum fylgir verðlagsþróun.

Kröfur um hagkvæmni í rekstri í skóla- og frístundamálum er leiðarljós við gerð fjárhagsáætlunarinnar en áætlunin ber þess jafnframt merki að framlög til skólustarfs og íþrótt- og tómstundastarfs eru að hækka í takt við íbúafjölgun og bættu þjónustu við bæjarbúa í þessum málaflokkum. Framundan er áframhaldandi uppbygging hjá sveitarfélaginu og öflugt fræðslu- og frístundastarf er liður í því að tryggja að Mosfellsbær sé aðlaðandi kostur til búsetu.

Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs 2019 styður við stefnu bæjarins um eflingu fræðslu- og frístundastarfs með áherslu á heilsueflandi samfélag og lífsgæði bæjarbúa.


UMHVERFISSVIÐ

Á umhverfissviði Mosfellsbæjar fer fram fjölbætt og umfangsmikil starfsemi. Sviðið annast umsjón með skipulags- og byggingarmálum, sinnir veitustarfsemi, gatna- og umferðarmálum, úrgangsmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum og garðyrkju. Þá annast sviðið eftirlit

með dýrahaldi, náttúruvernd og landbúnaði innan marka sveitarfélagsins. Undir sviðið heyra einnig allar nýframkvæmdir fasteigna, gatna og veitna auk viðhalds á fasteignum Mosfellsbæjar.

Unnið er að mótun nýrrar umhverfisstefnu sem tekur mið af nýjum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en með tilkomu nýrrar stefnu mun vinna við sjálfbæra þróun (Local Agenda 21) og markmið hennar breytast talsvert.

Heildar fjárframlag vegna reksturs umhverfissviðs á árinu 2019 nemur samkvæmt áætlun liðlega 862 m.kr. Eignfærðar framkvæmdir hafa verið í sögulegu hámarki og gerir áætlun ársins ráð fyrir vel á annan milljarð króna til eignfærðra framkvæmda.



Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 hefur verið hugað að utanumhaldi þeirra fjölbættu verkefna sem heyra undir sviðið með það að markmiði að þau fái sem bestan framgang. Verkefni á sviði skipulags- og byggingarmála eru umfangsmikil um þessar mundir. Þjónustustigi verður viðhaldið varðandi hirðingu opinna svæða sem og viðhaldi gatna, sorphirðu og í snjómokstri.

Á árinu 2019 verður ráðist í átak í endurnýjun gangstétta í eldri hverfum og framlög til viðhalds húsa og lóða aukið. Aukin áhersla var á friðlýst svæði á árinu 2018 og verður því verkefni haldið áfram á næsta ári. Þá var unnið að því að hefta útbreiðslu ágengra plantna og mikilvægt að landeigendur í sveitarfélaginu taki höndum saman við það verkefni.

Á grundvelli lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar hefur verið unnið að því að auka aðgengi og þátttöku íbúa við forgangsörðun verkefna á sviði umhverfismála. Verkefnið Okkar Mosó er lýðræðisverkefni innan Mosfellsbæjar og felur í sér kosningu um verkefni og útfærslu á þeim, og eru þau verkefni sem kosið var um árið 2017 öll komin til framkvæmda. Unnið er að undirbúningi þess að leita á ný til íbúa með verkefni á sviði umhverfismála undir fána Okkar Mosó.

Stærsta einstaka framkvæmdin á árinu 2019 er uppbygging Helgafellsskóla. Einnig er gert ráð fyrir framkvæmdum við nýjan vatnstank í Úlfarsfellshlíðum sem bæta mun og jafna vatnsþrýsting í hverfum Mosfellsbæjar.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLA

■ Sameiginlegur kostnaður


■ Leiga gatnakerfis

■ Götulýsing

■ Gangbrautir og umferðamerkingar

■ Snjómokstur og hálkueyðing

■ Framlög til sangangna



Fjöldi byggingarleyfisumsókna og auglýstra deiliskipulaga hefur aldrei verið meiri í sögu Mosfellsbæjar en á síðustu tveimur árum. Ekki verður annað ráðið en að sú verði einnig raunin á næsta ári og því er áfram gert ráð fyrir að þjónustufulltrúi, áður staðsettur í þjónustustöð, sinni umsýslu skipulags- og byggingarmála á skrifstofu umhverfissviðs.

Áfram verður unnið að umbótum á kortasjá Mosfellsbæjar á árinu 2019, en talsverðar viðbætur komu inn bæði árin 2017 og 2018. Þar var sérstök áhersla lögð á upplýsingar á sviði framkvæmda og veitna, og tengingu við aðra gagnagrunna. Slysaskrá umferðarstofu var beintengd kortasjánni 2018 en áður var búið að tengja skipulagssjá Skipulagsstofnunar. Íbúar hafa nú aukinn aðgang að upplýsingum, meðal annars teikningum og öðrum þeim gögnum sem fylgja fasteign. Í skoðun er frekari tenging við upplýsingar úr Þjóðskrá.



ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD

Hjá Mosfellsbæ eru þrjár stoðdeildir sem í sameiningu annast miðlæga þjónustu innan bæjarskrifstofu, við kjörna fulltrúa og gagnvart stofnunum bæjarins. Deildirnar hafa eftirlit með og aðstoða við framkvæmd þjónustu og stjórnsýslu bæjarfélagsins. Þá sinna þær verkefnum fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins, þ.e. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð. Verkefni á bæjarskrifstofum felast annars vegar í þjónustu við fagsvið, stofnanir, starfsmenn, kjörna fulltrúa og nefndarfólk á vegum Mosfellsbæjar og hins vegar þjónustu við íbúa og viðskiptavinum bæjarins. Í stoðdeildunum starfa samtals um 20 fastráðnir starfsmenn.

Starfsdagur Mosfellsbæjar var haldinn í annað sinn á árinu 2018 og var þar sérstaklega unnið með þær áherslur sem hafa tengsl við þjónustu Mosfellsbæjar. Á fundinum varð til efni sem verður nýtt á árinu 2019 til þess að koma framtíðarsýn og áherslum Mosfellsbæjar í virka innleiðingu og mun byggja á samstarfi starfsmanna þvert á starfsemi bæjarins, en jafnframt verði leitað eftir samvinnu við íbúa.

Nú í lok árs 2018 er unnið að uppfærslu á íbúagátt yfir í viðmót með viðbótarvirkni í átt til aukinnar sjálfvirkni. Á árinu 2019 verður í forgangi að koma í framkvæmd þeim áherslum Mosfellsbæjar sem kalla má einu nafni Snjallbæinn Mosfellsbæ sem hefur að markmiði að fjölga þeim málum sem unnt er að fullnaðarafgreiða á vef bæjarins.

Á árinu 2019 verður lokið við endurskoðun á mannauðsstefnu Mosfellsbæjar og starfsmannahandbók bæjarins uppfærð á þeim grunni.

Annar flokkur í stefnumótun Mosfellsbæjar lítur að okkar „flotta fólki“, þar sem horft er til þátta sem auka lífsgæði bæjarbúa og ánægju starfsmanna í ört vaxandi sveitarfélagi. Mannauðsdeild horfir sérstaklega til þess að styðja við og efla starfsmenn með hliðsjón af þeirri áherslu í stefnu Mosfellsbæjar lýtur að því að auka lífsgæði bæjarbúa og ánægju starfsmanna í ört vaxandi sveitarfélagi. Í því samhengi verður sérstaklega litið til símenntunar starfsmanna, en vinna við gerð fræðsluáætlunar heldur áfram á nýju ári og stefnt að því að henni ljúki fyrir haustið 2019.


Mosfellsbær náði þeim áfanga fyrst sveitarfélaga eftir að lög þess efnis tóku gildi árið 2018, að hljóta viðurkennda jafnlaunavottun. Á árinu 2019 verður unnið að því að tryggja að jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar sé í stöðugri þróun og að kynbundinn launamunur verði ekki til staðar.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs,
G. Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs,
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs,
Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar,
Pétur J. Lockton, fjármálastjóri,
Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri.**

NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR

Hlutfallslegur kostnaður helstu málaflokka

- FÉLAGSPJÓNUSTA
- FRÆÐSLUMÁL
- MENNINGARMÁL
- ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL
- SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL
- SAMEIGNINLEGUR KOSTNAÐUR



02 – FJÖLSKYLDUSVIÐ

02010 Fjölskyldunefnd

Áformað er að nefndin haldi 14 fundi á árinu. Hún fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmenn sækji landsfund jafnréttisnefnda.

02020 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Á skrifstofu fjölskyldusviðs starfa sérfræðingar að málaflokkum sem eru færðir á 29 deildir auk félagslegra íbúða (B-hluta stofnun). Laun starfsmanna skrifstofunnar sem sinna málaflokki fatlaðs fólks eru færð á deildina Málefni fatlaðs fólks (02500), önnur laun eru færð á skrifstofu sviðsins.

Aukin eftirspurn hefur verið eftir þjónustu fjölskyldusviðs samfara fjölgun íbúa. Má þar nefna félagslega ráðgjöf, fjölgun tilkynninga og meðferð mála á grundvelli barnaverndarlaga, fjölgun fatlaðra barna og fjölgun íbúa, fyrrum hælisleitenda, annarra en fyrrgreindra flóttamanna. Fyrrum hælisleitendur hafa búið við fjölbættan vanda og þarfnast stuðnings, svo sem vegna ráðgjafar og aðstoðar vegna réttindamála og félagslegs og persónulegs vanda. Færst hefur í aukana að einstaklingar óski eftir afriti af gögnum. Það kallar á aukna vinnu starfsmanna við að lesa yfir gögn áður en þau eru afhent til að tryggja að upplýsingar um þriðja aðila slæðist ekki með við afhendingu.

Fræðslu- og forvarnarmál (02620) og jafnréttismál (02650) eru ekki lengur verkefni sviðsins í samræmi við nýja samþykkt um stjórn og fundarsköp Mosfellsbæjar.

02110 Fjárhagsaðstoð



Fjöldi heimila sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins hefur verið svipaður undanfarin þrjú ár (61-66), en virðist fara fjölgandi ef marka má fjölda í byrjun október sem nam 64 heimilum. Í þeim hópi hefur einstaklingum, sjúkraskráðum vegna fjölþætts vanda, fjölgað til muna (er rúmur helmingur). Rík áhersla er lögð á að veita þessum einstaklingum stuðning, meðal annars með félagslegri ráðgjöf og samvinnu við þá og eftir atvikum Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, VIRK, Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisþjónustuna.

Gert er ráð fyrir því að framfærslugrunnur hækki til samræmis við neysluvísitölu um 2,9%.

02330 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar samkvæmt ákvörðun fjölskyldunefndar. Til viðbótar við þann kostnað er reiknað með vistun eins barns að auki. Kostnaður vegna starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið.

Ætlaður vistunarkostnaður er metinn samkvæmt stöðu mála við gerð áætlunar, þ.e. fjölda barna, framfærslueyri vegna þeirra og þóknun til fósturforeldra samkvæmt samningi. Erfitt er að áætla útgjöld vegna dvalargjalda þar sem ekki er séð fyrir hvenær grípa gæti þurft til vistunar utan heimilis. Þá er oft um umtalsverð útgjöld að ræða.

02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Tekjuviðmið sérstaks húsnæðisstuðnings eru hin sömu og gilda um almennar húsnæðisbætur.

Áætlunin gerir ráð fyrir hækkingu sérstaks húsnæðisstuðnings, en á árinu 2018 hafa færri sótt um stuðninginn en gert var ráð fyrir.

02340 Barnaverndarmál

Barnaverndarmál fela í sér útgjöld vegna úrræða sem gripið er til við meðferð mála einstakra barna í samræmi við barnaverndarlög. Ætluð útgjöld taka mið af stöðu málaflokksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins og unnt er við fjölskyldur þannig að börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur, sem ætíð er neyðarráðstöfun.

Áætlun ársins vegna þóknunar til stuðningsfjölskyldna á árinu 2019 tekur mið af útgjöldum ársins 2018.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við sérfræðiþjónustu, t.a.m. vegna aðkeyptrar þjónustu við forsjárhæfnimat forsjáraðila. Líkt og með dvalargjöld í barnaverndarmálum er erfitt að sjá fyrir útgjöld í málaflokknunum.

02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó bs. í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

02430 Hjúkrunarheimili

Rekstrargjöld eru að mestu áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar um dagpeninga til reksturs heimilisins sem er áætlaður tæpar 622 m.kr. á árinu 2019. Daggjöldin taka mið af fjölgun rýma



úr 30 í 33 með samkomulagi við velferðarráðuneytið á árinu 2018 um heimild til reksturs þriggja hjónarýma. Gert er ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

02450 Þjónustumiðstöð aldraðra

Áætluð útgjöld taka mið af samþykktri félagslegri heimaþjónustu og þjónustu við einstaklinga í dagdvöl.

Tekjur vegna heimilishjálpar eru endurgreiðslur þeirra sem fá félagslega heimaþjónustu og greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá. Tekjur eru einnig áætlaðar vegna leigu á snyrtistofum á Eirhömrum.

Hluti kostnaðar við tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), um 9,5 m.kr., er færður á félagslega heimaþjónustu.

Rekstrargjöld dagdvalar eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Samningur Mosfellsbæjar við Eir gerir ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður, alls um 17,4 m.kr., standi á jöfnu.

02480 Félagsstarf aldraðra

Áætlunin tekur mið af rekstri starfseminnar 2018. Aðsókn að félagsstarfinu hefur aukist jafnt og þétt frá því að starfsemin flutti í nýtt og endurbætt húsnæði árið 2013. Samhliða því fékk FaMos, Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni, aðstöðu í sömu húsakynnum.

Starfsmenn félagsstarfsins eru þrír, forstöðumaður í 100% starfi og tveir leiðbeinendur í 25% starfi hvor. Hækkun launaliða er vegna áhrifa kjarasamninga.

Á árinu 2016 var fallið frá gjaldtöku vegna þátttöku í leikfimi. Tekjur vegna þess voru óverulegar, en þátttaka hefur aukist til muna. Með þessu er undirstrikað mikilvægi heilsueflingar eldra fólks í anda stefnu Mosfellsbæjar sem heilsuefandi samfélags. Reynsluverkefni í samstarfi fjölskyldusviðs við FaMos og World Class í Mosfellsbæ var hleypt af stokkunum í september 2018. Verkefnið hefur farið vel af stað og er gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi aðilanna um verkefnið.

02500 Málefni fatlaðs fólks – sameiginlegur kostnaður

Tekjur vegna þess hluta málaflokks fatlaðs fólks (deildir 02500 og 02520-02590), sem var færður til sveitarfélagsins í ársbyrjun 2011, eru áætlaðar tæpar 1.214 m.kr. á árinu 2019. Þær samanstanda fyrst og fremst af framlögum frá Jöfnunarsjóði. Torvelt er þó að áætla tekjurnar af nákvæmni þar sem þær eru háðar þróun útsvarstekna, að hluta til í bæjarfélaginu og að hluta til á landinu öllu. Ekki verður að fullu ljóst fyrir en á næsta ári hver framlög Jöfnunarsjóðs verða til hvers þjónustusvæðis fyrir sig.

Framlag til Skálatúns er áætlað 645 m.kr. á árinu 2019 sem fyrir segir.

Samningur við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi var endurnýjaður í ágúst 2018 og gildir til 2022. Er hann á sömu nótum og verið hefur. Greiðsla á árinu 2019 mun nema um 46 m.kr. Samningurinn tekur breytingum í samræmi við vísitölu launa. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna þjónustu við fatlaða starfsmenn í Ásgarði með lögheimili utan Mosfellsbæjar nema á móti liðlega 26 m.kr.



Þjónustusamningur við Skálatún rann út í árslok 2014. Ekki hefur tekist að gera nýjan samning þar sem ekki hefur náðst samkomulag um greiðslur til stofnunarinnar. Viðræður fara þó enn fram.

Áætlaðar eru um 49 m.kr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga sem fyrr getur.

02510 Málefni fatlaðs fólks

Áætluð útgjöld eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélög höfðu þegar með höndum fyrir tilfærsluna frá ríki til sveitarfélaga 2011. Einkum er um að ræða stoðþjónustu (áður nefnd liðveisla) samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og akstursþjónustu fatlaðs fólks og eldri borgara samkvæmt sömu lögum. Þjónustan undir þessum lið fer nú fram samkvæmt breytingum á félagsþjónustulögunum sem tóku gildi 1. október 2018. Áætlunin tekur mið af útgjöldum ársins 2018 og þjónustu sem sveitarfélagið hefur samþykkt að veita.

Akstur samkvæmt samningi sveitarfélaga innan vébanda SSH um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks hófst 1. janúar 2015. Samningurinn nær einnig til aksturs fatlaðra grunnskólabarna. Fjölskyldusvið og fræðslusvið hafa komið sér saman um að síðarnefnda sviðið annist stjórnsýslu og útgjöld vegna aksturs barnanna.

Samningurinn um hina sameiginlegu akstursþjónustu rennur út í árslok 2019 og hafin er vinna við endurnýjun; enn er þó óráðið hvort eða hvernig sveitarfélög innan SSH muni eiga með sér samvinnu þar að lútandi. Ljóst er hins vegar að stefnt er að hagkvæmari samningum en nú eru í gildi.

02520 Frekari liðveisla (NPA)

Útgjöld þessarar deildar ganga nær eingöngu til tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem gert er ráð fyrir að verði endurnýjaðir 1. janúar 2019. Það verður gert samkvæmt nýjum lögum, nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem tóku gildi 1. október 2018. Nokkur hækkun útgjalda stafar fyrst og fremst af því að óhjákvæmilegt þykir að hækka tímagjald til aðstoðarinnar (aðstoðarmanna), en Mosfellsbær hefur dregist töluvert aftur úr öðrum sveitarfélögum í því tilliti.

Á móti útgjöldum til NPA er gert ráð fyrir í tekjuáætlun 25% framlagi Jöfnunarsjóðs af heildar samningsupphæðum.

02564 Hulduhlíð, búsetukjarni

Hefðbundin starfsemi verður í meginatriðum óbreytt, en áætlað er að útgjöld hækki nokkuð vegna versnandi heilsufars eins íbúans sem þarf orðið mun meiri umönnun og fyrirsjáanlegt er að svo verði áfram.

Á árinu 2017 var yfirstjórn búsetukjarnanna í Hulduhlíð og Klapparhlíð sameinuð í hagræðingarskyni. Fjárhagslegur rekstur kjarnanna er þó enn aðskilinn og þeir starfræktir sem tvær deildir.

02565 Klapparhlíð, búsetukjarni

Sú breyting varð á árinu 2017 að einn íbúi flutti í eigin íbúð í nágrenninu en fær sem fyrr þjónustu frá starfsfólki búsetukjarnans. Húsnaði sem losnaði er nýtt til skammtí mavistunar fyrir einn



einstakling með varanlega búsetu fyrir augum. Þá hefur versnandi heilsufar annars íbúa orðið til þess að taka hefur þurft upp aftur næturvakt sem hafði verið lögð af. Það veldur umtalsverðri útgjaldaaukningu. Þá hefur ennfreður verið jafnaður launakostnaður stjórnenda (forstöðumanns og deildarstjóra) Hulduhlíðar og Klapparhlíðar milli kjarnanna en bókhaldslega hefur hallað á Hulduhlíð í því sambandi á yfirstandandi ári.

02566 Þverholt, búsetukjarni

Starfsemin í sjálfum búsetukjarnanum (með fimm íbúum) er í meginatriðum óbreytt. Frá kjarnanum fá að auki þjónustu þrír fatlaðir einstaklingar í nálægum íbúðum og nýverið bættist við sá fjórði sem flutti í eigin íbúð annars staðar í bænum. Hann þarf umtalsverða daglega þjónustu og nokkur kostnaður fylgir því að íbúðin er ekki í nálægð við kjarnann. Hagkvæmast er þó að hafa þennan háttinn á.

02567 Heimili fyrir börn

Komið var á fót síðla árs 2017 heimili fyrir tvö börn sem vegna fötlunar sinnar þarfnast meiri umönnunar og stuðnings en fjölskyldum þeirra er unnt að veita utan skólatíma. Fram að þeim tíma hafði þörfum þeirra verið mætt með umfangsmikilli skammtímavistun utan bæjarfélagsins og stuðningsfjölskyldum, auk skemmri dvala hjá fjölskyldum sínum, sem verður áfram. Fyrirsjáanlegt var að þörf barnanna fyrir þjónustu myndi aukast enn frekar svo talið var tímabært og hagkvæmara að koma á fót sérstöku úrræði í þessu skyni.

Upphaflega var þess vænst að samnýta mætti næturvakt með búsetukjarna í sama húsi. Það hefur ekki reynst raunhæft enn sem komið er en verður athugað nánar þegar meiri reynsla er komin á starfsemina.

Hafa ber í huga að á móti sparast veruleg útgjöld sem fyrri tilhögun þjónustunnar hafði í för með sér (kostnaðarsöm aðkeypt skammtímavistun).

02569 Áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk

Áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk er ætlað til búsetu fyrir einstaklinga sem eiga við langvarandi og langvinna geðsjúkdóma að stríða en sem geðsvið Landspítalans telur að geti búið úti í samfélaginu með stuðningi. Gert er ráð fyrir því að tveir einstaklingar geti dvalið þar hverju sinni og veitt er sólarhringsþjónusta. Líkt og á við um búsetukjarna fatlaðs fólks er gert ráð fyrir því að heimilið geti liðsinnt öðrum einstaklingum í bæjarfélaginu sem glíma við svipaðan vanda en búa í eigin húsnæði.

02570 Skammtímavistun

Skammtímavistun fer fram í Garðabæ og Hafnarfirði, er m.ö.o. aðkeypt, og er með sama sniði og á yfirstandandi ári. Áætlaður kostnaður er mjög á móta og 2018.

02580 Dagþjónusta

Dagþjónustan er að öllu leyti aðkeypt frá Örva – starfsþjálfun í Kópavogi og Ási – vinnu og virkni sem hefur aðsetur í Ögurhvarfi í Kópavogi og víðar. Breyting á þjónustu og kostnaði er hverfandi milli ára.

02590 Stuðningsfjölskyldur



Fjöldi stuðningsfjölskyldna og kostnaður er svipaður milli ára. Engin breyting er lögð til á greiðslum þar eð þær voru hækkaðar umtalsvert fyrir árið 2018. Það var m.a. gert til að

1. mynda hvata til að afla fleiri stuðningsfjölskyldna, en það hefur reynst erfitt vegna mikillar vinnu að baki lágum greiðslum,
2. leitast við að draga úr þjónustu skammtímavistana fyrir börn sem er mjög dýr, auk þess sem dvöl hjá fjölskyldu þykir eðlilegri og æskilegri en dvöl á stofnun á borð við skammtímavistunarheimili.

02710 Ýmis lögbundin framlög

Áætlun er í samræmi við ákvæði laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02810 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagsmála er óbreyttur frá yfirstandandi ári, kr. 800 þús., og styrkur til FAMOS er í samræmi við samning við félagið. Þá er gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning þar að lútandi. Útgjöld lækka vegna þess að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlag til varasjóðs húsnæðismála hefur ekki verið framlengt.

02-61 Félagslegar leiguíbúðir

Áætlun vegna félagslegra íbúða tekur mið af rekstri ársins 2018. Útgjöld til viðhalds taka mið af úttekt og brýnum verkefnum til að sporna gegn frekari skemmdum á húsnæði en orðið hefur. Áætlun ársins 2019 er hækkuð um kr. 1,500 þús.

Nýmæli er að færa kostnað og tekjur vegna húsaleigu og hússjóðs einnar íbúðar sem Mosfellsbær er enn með leigusamning um við Eir – hjúkrunarheimili. Þar býr einstaklingur sem flutti í húsið fyrir 1.1. 2007. Gjöld og tekjur vegna íbúðarinnar voru áður færðar á þjónustumiðstöð aldraðra (02450).

Í eignfærðri fjárfestingu er gert ráð fyrir sölu á raðhúsi í eigu Mosfellsbæjar og kaupum á tveimur félagslegum leiguíbúðum, auk veitingu þriggja stofnframlaga til kaupa á leiguíbúðum í samræmi við ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

04/06 – FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

04 – Fræðsluskrifstofa

Stofnanir og verkefni á fræðsluskrifstofu eru færðar á 26 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2019. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan skrifstofunnar er rekstur allra leik- og grunnskóla bæjarins, Listaskóla Mosfellsbæjar, frístundaselja og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir rekstur fræðsluskrifstofu, niðurgreiðslur til dagvistunar barna, ýmsir styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Fræðslunefnd, 04-01

Nefndarfundir eru áætlaðir 12 á árinu, sem er sambærilegt og síðastliðin ár.

Fræðsluskrifstofa, 04-02

Fræðsluskrifstofa stýrir miðlægri þjónustu og samstarfi við stofnanir um þætti eins og stoðþjónustu. Hér er færður kostnaður vegna námsgagnakaupa í grunnskólum, verkefnið gjaldfrjáls grunnskóli. Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun. Lagt er til að starfshlutfall talmeinafræðings verði aukið um helming á þessu ári eða frá 20% upp í 40% stöðuhlutfall. Þjónusta fræðsluskrifstofu hefur aukist í takt við fjölgun barna í bænum. Lögð er til aukning um eitt stöðugildi á sviðinu. Fjármagn til stefnumörkunar í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum er fært á þennan lið auk ýmissa styrkja.

Leikskólar Mosfellsbæjar, 04-101; 04-102; 04-103; 04-104; 04-105; 04-16; 04-18; 04-20; 04-23

Í þessari fjárhagsáætlun er gert er ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni börnum frá 18 mánaða til 5 ára aldurs eða þar til grunnskóli tekur við. Á Hlíð og Huldubergi eru auk þess ungubarnadeildir fyrir börn á aldrinum 12-24 mánaða. Börnum á leikskólaaldri hefur fjölgað í bænum. Ný deild var opnuð í Leirvogstungu á haustmánuðum 2018 og stefnt er að opnun hluta af leikskóladeildum í Helgafellsskóla árið 2019.

Aukinn kostnaður vegna reksturs leikskóla felst meðal annars í fjölgun starfsmanna því mönnun eykst eftir því sem fleiri ung börn koma í dagvistun. Samhliða skerðast tekjur vegna fækkunar barna á deildum vegna aldurs auk þess sem gert er ráð fyrir 5% lækkun leikskólagjalda. Ungubarnaþjónusta mun eflast enn frekar árið 2019 og gert er ráð fyrir 20 nýjum plássum í viðbót við þau 48 sem fyrir voru í Hlíð og Huldubergi. Í Leirvogstunguskóla hefur bæst við ein ný deild og þar hefur börnum fjölgað.

Í júlí verður boðið upp á sumarskóla leikskólanna líkt og fyrri ár og með því fyrirkomulagi boðið upp á samfelda þjónustu innan leikskólanna allt árið. Börnum í leikskólum fækkar verulega í júlímánuði vegna sumarfría og því kjörið að veita þjónustu á einum stað í bænum. Þannig næst betri nýting á fjármagni og faglegu skipulagi leikskólastarfs.

Niðurgreidd leikskólagjöld, 04-19 /02-19

Hér er færð félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02-19, sem er tekjutengd. Tekjuviðmið hækka í samræmi við launavísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðarfræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir aukningu á niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum undir þessum lið. Einnig er hér færður kostnaður vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum grunnskólanna sem og greiðslur vegna leikskólabarna sem njóta leikskólaþjónustu í öðrum sveitarfélögum. Niðurgreiðslur til dagforeldra lækka þar sem færri börn eru vistuð í því dagvistarúrræði. Niðurgreiðslur til leikskóla utan Mosfellsbæjar þar sem mosfellsk börn dvelja, hækka annars vegna þess að fleiri börn dveljast í einkareknum



leikskólum/ungabarnaleikskólum og hins vegar vegna þess að greiðsluhluti foreldra lækkar við lækkun leikskólagjalda um 5%, eins og lagt er til í fjárhagsáætlun.

Grunnskólar, 04-201; 04-203; 04-205; 04-206; 04-208

Grunnskólanemendum fjölga milli ára og er fjölgunin einkum hjá Varmárskóla og Helgafellsskóla. Brúarland er undanfari Helgafellsskóla og tók til starfa haustið 2016 með kennslu fyrir 1. og 2. bekk, en skólaárið 2018-19 er kennt í 1.-5. bekk. Upp úr áramótum mun Helgafellsskóli hefja starfsemi sína í nýju húsnæði. Lagt er til að samhliða verði opnuð leikskóladeild fyrir 5 ára börn á vorönn 2019 og bætt við 4 ára börnum haustið 2019.

Nemendum með sérþarfir fer fjölgandi í grunnskólum og því verður sérstök áhersla lögð á endurskoðun á skipulagi stoðþjónustu. Lagt er til að verja fjármagni í nýtt stoðþjónustuúrræði innan Varmárskóla og áfram verði haldið með Fellið í Lágafellsskóla. Einnig er lagt til að stofnuð verði nýbúadeild við Varmárskóla. Áfram verður haldið með áttak í upplýsinga- og tæknimálum og nú er áherslan á tölvur fyrir nemendur og breytta kennsluhætti. Lagt er til að fjármagni verði veitt í endurnýjun á tölvum/spjaldtölvum fyrir nemendur í tölvustofum í Varmárskóla og Lágafellsskóla. Einnig er lagt til aukið fjármagn á viðhaldsliðum til endurnýjar á borðum og stólum í þessum tveimur skólum.

Stefnt er að því að auka sveigjanleika í skólastarfi þar sem horft er til samþættingar skóla- og frístundastarfs. Helgafellsskóli verður samþættur grunnskóli þar sem gert er ráð fyrir leik- og grunnskóla og frístunda- og tónlistarstarfi í heilstæðum skóladegi. Fjölgun nemenda, aukin stoðþjónusta og ákvæði kjarasamninga leiða til aukins kostnaðar við rekstur skólanna.

04-270 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda

Inn á þennan lið eru færð útgjöld vegna skólavistar grunnskólanemenda í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Aukin kostnaður er vegna barna sem eru í grunnskóla utan sveitarfélagsins og þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna barna með fötlun, t.d í Klettaskóla.

Frístundasæl, 04-281; 04-283; 04-284; 04-28

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur farið vaxandi síðastliðið ár og eykst í takt við fjölgun barna í bænum. Sérstakur stuðningur er við börn með fötlun innan frístundaseljanna (6-9 ára). Frístund fatlaðra fyrir 10-15 ára er í Lágafellsskóla. Hér er um að ræða börn sem þurfa á heilsdagsþjónustu að halda en eru orðin of gömul til að nýta sér þjónustu frístundaselja. Frístundin er einnig ætluð fyrir börn í öðrum skólum í bænum.

04-29 Flutningur nemenda

Skólaakstur var boðinn út árið 2017 og er um að ræða akstur vegna frístundafjörs, almennan skólaakstur til og frá Varmárskóla, greiðsla í almenningsvagna, akstur í Íþróttamiðstöðina að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og vegna Krikaskóla.



Hér bætist einnig við skólaakstur fyrir nemendur í Klettaskóla. Að auki er um að ræða akstur frá skóla og á frístundaheimili. Þessum akstri fylgir kostnaður vegna starfsmanns sem þarf að vera í bílnum með bílstjóra sem og sérúrræði vegna nemenda sem vegna sérstakra aðstæðna ferðast einir í bifreið.

04-41 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholtskóla er eignfærður.

04-42 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í framhaldsskólanum er eignfærður.

04-51 Listaskóli Mosfellsbæjar

Á þessum lið er færð fjárhagsáætlun Listaskólans sem samanstendur af rekstri tónlistarskóla, og auk þess greiðslur til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellsbæjar. Kostnaður vegna nemenda í framhaldsnámi er færður alfarið á skólann en jafnframt berast greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar kennslu. Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga við ríkið um framhald vegna tónlistarnemenda í framhaldsnámi er þannig úr garði gert að Mosfellsbær borgar með verkefninu. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í Listaskólanum. Lagt er til að fjármagni verði veitt til að taka á móti fleiri nemendum í Listaskólanum (Tónlistardeild) á árinu þar sem sérstaklega verður stefnt að aukinni hópkenndu í samstarfi við grunnskólana.

04-52 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla 5 ára barna að vori er færður til kostnaðar á þessa bókhaldsdeild.

04-53 Skólahljómsveit

Hér er færður allur kostnaður við rekstur Skólahljómsveitar, en hún er staðsett í Varmárskóla. Stefnt er að því að útfæra starf hljómsveitarinnar í Helgafellsskóla.

04-81 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna íslenskukennslu erlendra borgara á Íslandi, sem gert er ráð fyrir að aukist á árinu. Hér er líka gert ráð fyrir styrk til Íþróttakademíu FMOS, vegna hestabrautar.

06 – Frístundaskrifstofa

Stofnanir og verkefni á frístundaskrifstofu eru færðar á 18 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2019. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan skrifstofunnar eru meðal annars rekstur Íþrótt- og tómstundaskóla Mosfellsbæjar, Vinnuskóla Mosfellsbæjar, Félagsmiðstöðvarinnar Bóls og ungmennahússins Mosans, Íþróttamiðstöðvar að Varmá og að Lágafelli.



Auk þess er færður á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis kostnaður, svo sem kostnaður vegna skólagarða og tjaldsvæðis sem og annarra íþróttamannvirkja, gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþrótt- og tómstundamála, auk útgjalda vegna íþrótt- og tómstundanevndar.

06-01 Íþrótt- og tómstundanevnd

Gert er ráð fyrir 9 fundum árið 2019 en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

06-02 Frístundaskrifstofa

Launa- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar er færður hér. Þá er færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna frístundaverkefna eins og greiðslur vegna kostnaðar við Íþróttafjör. Lýðheilsu- og forvarnastarf hefur færst yfir á fræðslu- og frístundasvið. Undirbúningur fyrir stefnumótun í þessum málaflokki er í bígerð og mun honum haldið áfram á nýju ári.

06-24 Íþrótt- og tómstundaskóli

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna sumarnámskeiða í Mosfellsbæ. Hér er einnig bókfærður kostnaður vegna fatlaðra barna við Klettaskóla sem sækja frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar frá ágúst til júní eftir að skóladegi lýkur.

06-27 Vinnuskóli

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir sumarstarfsemi fyrir 13-16 ára aldurshópinn. Laun í vinnuskóla hafa hækkað og kemur það fram í áætlun ársins 2019. Gert er ráð fyrir að sumarvinna ungmenna 16 ára og eldri dragist saman vegna batnandi árferðis á almennum vinnumarkaði. Á vinnuskólann eru einnig færðar til gjalda greiðslur til ungmenna sem fá styrk frá bænum til að stunda íþróttir, tómstundir og listir yfir sumartímann.

06-31 Félagsmiðstöðin Ból og ungmennahús

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir börn og unglinga í Lágafellsskóla og Varmárskóla er að aukast í takt við aukinn fjölda barna og unglinga í bæjarfélaginu. Hér hefur verið gert ráð fyrir hlutastöðu vegna starfsemi fyrir 10-12 ára nemendur í Helgafellsskóla sem verður þróað í samvinnu við skólann. Einnig er aukning við Mosann, ungmennahús sem nú er með starfsemi á tveimur stöðum, í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar og aðstöðu Bólsins.

06-51 Íþróttamiðstöðin að Varmá

Tekjur vegna aðgangseyris, vörusölu og fleira hækkar örlítið milli ára. Millifærslur hækka, því notkun skóla, íþróttafélaga og félags eldri borgara á íþróttasölum hefur aukist. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna endurnýjunar á lýsingu í söllum, lagfæringa á flísum í pottum, raflæsingar á bardaga- og fimleikasali, kaupa á búnaði til íþróttakennslu og þjálfunar,



endurnýjunar á hljóðkerfum og almenns viðhalds innanhúss. Leigð verður sjálfvirk skúringavél sem getur meðal annars þrifið að næturlagi og mun það auka gæði þrifa í húsinu. Lagt er til að fjölga starfsmönnum í búningsklefum á skólatíma til að tryggja öryggi barna.

06-58 Íþróttamiðstöðin Lágafell

Lágafellslaug er sem fyrr ein vinsælasta sundlaug landsins. Gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna aukinnar aðsóknar í laugina og gesta í líkamsræktina World Class. Lagt er til að fjölga starfsmönnum í búningsklefum á skólatíma til að tryggja öryggi barna. Þjónustustig laugarinnar verður aukið og bætt verður við opnun á einum hátíðisdegi, páskaðegi. Viðhalds- og þjónustukaupaliðir hækka meðal annars vegna kaupa á húsgögnum á sundlaugarbakkann, endurnýjunar skápa og lyklakerfa og annarrar aðstöðu innanhúss.

06-61 Íþróttavöllurinn Tungubökkum

Mosfellsbær rekur íþróttaaðstöðuna við Tungubakka. Hér eru millifærð leigugjöld vegna vallanna og búningsaðstöðu og rekstrargjöld vegna viðhalds vallarins. Notkun á vellinum hófst mun fyrr en oft áður og hann er nýttur lengra fram á haustið. Það olli umfram álagi og þar með skemdum á vellinum. Lagt er til að fjármagni verði varið til endurbóta á einum velli og að aðrir vellir falli undir 3ja ára viðhaldsáætlun vallanna.

06-62 Gervigrasvöllurinn að Varmá.

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér. Aukið fjármagn þarf til viðhalds lóðar þar sem krafist er árlegrar úttektar samkvæmt FIFA staðli á vellinum.

Íþrótta- og tómstundafélög, 06-81; 06-82; 06-84; 06-86; 06-87

Skrifað var undir nýja samninga við félögin árið 2018 og hafa framlög til þeirra hækkað. Samningarnir eru flestir til 4-5 ára og eru framlögin vísitölutryggð. Samningarnir eru skýrir og gegnsæir og með þeim er félögunum tryggt fé til reksturs. Fjármagnið er eyrnamerkt ákveðnum starfspáttum innan félaganna auk þess sem félög sem eru í eigin húsnæði fá sérstakt framlag til reksturs þess.

06-85 Stjórn skíðasvæða.

Kostnaður vegna uppbyggingar Bláfjalla og Skálafells er í samræmi við samninga og samkomulag sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur svæðanna hverju sinni. Nýr samningur var undirritaður árið 2018 og þar er stefnt á töluverða uppbyggingu á skíðasvæðunum.

06-89 Ýmsir styrkir.

Frístundaávísun fyrir börn og unglinga hækkaði í 50.000 kr. haustið 2018. Fyrir barnafjölskyldur með fleiri en 3 börn hækkað ávísunin í 60.000 fyrir 4. barn, 5. barn o.s.frv.



Lagt er til að frístundaáávísun bjóðist nú einnig eldri borgurum frá hausti 2018 og er um 6.000 kr. greiðslu að ræða. Hér eru einnig færð til bókar önnur félög sem ekki hafa sérdeildir innan fjárhagsáætlunar eins og skíðadeild KR og Mótomos og gert hafa samstarfssamning við Mosfellsbæ.

UMHVERFISSVIÐ LIÐIR 08/09/10/11/31/33/43/47/63

Skýringar við einstaka liði málaflokka umhverfissviðs eru sem hér segir:

08210 Sorphirða

Gert er ráð fyrir því að sorphirðugjald hækki um 1.000 kr. milli ára og verður sorphirðugjald á hvert heimili þannig 29.000 kr. árið 2019. Hækkuninni er ætlað að koma til móts við hækkun kostnaðar við móttöku og förgun á sorpi milli ára. Á endurvinnslustöðvum SORPU bs. er gert ráð fyrir aukinni flokkun, sem og að þjónusta verði bætt með fjölgun grenndarstöðva í bæjarfélaginu og flokkun plasts við heimili íbúa.

08230 Sorpeyðing

Undir þessum lið eru færðar greiðslur til byggðasamlagsins SORPU í samræmi við gildandi eigendasamkomulag. Kostnaður skiptist í þrjá megin liði; rekstur endurvinnslustöðva, rekstur grenndargámastöðva og móttöku sorps. Hækkun liðarins umfram verðlagsþróun er vegna breytinga á fyrirkomulagi endurvinnslu- og grenndarstöðva, nýframkvæmda á vegum SORPU og lántöku þeim tengdum. Hækkun kostnaðar við rekstur endurvinnslustöðva SORPU stafar að hluta til af aukningu á magni úrgangs milli ára. Þá ber þess að geta að vegna uppbyggingar nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi eykst kostnaður vegna lántöku sem færður er undir þennan lið.

09020 Skrifstofa bæjarverkfræðings

Umfang reksturs er svipað og verið hefur síðastliðin ár. Gert er ráð fyrir þremur fastráðnum starfsmönnum á deildinni auk sumarstarfsmanns.

09110 Mæling, skráning og kortagerð

Kostnaður við rekstur landupplýsingakerfis og tengdra gagnagrunna er færður undir þennan lið. Tekjur koma frá veitum, enda eru allar teikningar færðar inn í kerfið, sem og breytingar á götum og veitukerfum í sveitarfélaginu, auk allra annarra mannvirkja. Lokið er vinnu við að innleiða ábendingakerfi sem tengt er kortagrunni á heimasíðu og opna inn á gagnasjá þar sem teikningar fasteigna eru vistaðar. Á árinu 2019 verður sérstök áhersla lögð á að ljúka við frágang breytinga í kortasjánni vegna uppbyggingar í bæjarfélaginu ásamt því að uppfæra veitugögn.

09010 Skipulagsnefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda funda milli áranna 2018 og 2019 í skipulagsnefnd en þeir eru haldnir hálfsmánaðarlega að öllu jöfnu. Skipulagsnefnd mun hefja endurskoðun aðalskipulags á árinu 2019 auk þess að ljúka við mótun samgöngustefnu á árinu.



09230 Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna aðkeyptrar þjónustu við deiliskipulagsgerð og áfram verður lögð áhersla á vinnu við grænt skipulag á árinu 2019.

09240 Svæðisskipulag

Hlutdeild Mosfellsbæjar í kostnaði við gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið verður sambærileg milli áranna 2018 og 2019.

09520 Byggingaeftirlit

Hér undir færast tekjur af byggingarleyfisgjöldum og útgjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir hækkun gjalda til málaflokksins frá síðasta ári en jafnframt auknum tekjum vegna fjölgunar byggingarleyfisumsókna milli ára. Í vinnslu er innleiðing á rafrænum byggingarúttektum sem unnar verða á spjaldtölvur á staðnum. Þannig er stefnt að því að úttektir verði fljótlegri en áður þar sem gengið er frá fundargerð á úttektarstað og óþarfi að rita fundargerðir síðar í tölvu. Þessi breyting er liður í að gera þjónustu embættis byggingarfulltrúa í auknum mæli rafræna, en talsverð vinna hefur verið lögð í umbætur sem miða að því að styrkja framkvæmd verkefna hjá embættinu og gera í auknum mæli rafræna.

10030 Sameiginlegur kostnaður

Verktakakostnaður eykst milli ára til samræmis við stækkun á gatnakerfi Mosfellsbæjar. Stefnt er að sama þjónustustigi milli ára við heflun malarvega í sveitarfélaginu, holufyllingu og viðgerðir. Þjónustustig verður aukið hvað varðar sópun gatna að vori til m.a. í þeim tilgangi að minnka svifryksmengun í þéttbýli.

10310 Götulýsing

Gert er ráð fyrir að kostnaður við götulýsingu verði sambærilegur og á síðasta ári. Breytingar milli ára stafa fyrst og fremst af magnaukningu sem er til komin vegna stækkunar bæjarins.

10510 Gangbrautir og umferðarmerki

Gangbrautir og umferðarmerki er liður sem hækkar lítillega milli ára. Umferðarskiltum verður skilyrðislaust að viðhalda og hafa í góðu ásigkomulagi enda um öryggismál að ræða. Það sama gildir um gatnamerkingar og aðrar leiðbeiningar til vegfarenda.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Gert er ráð fyrir að snjó- og hálkueyðing verði með svipuðu sniði og undanfarin ár og að áfram verði veitt eins góð þjónusta og frekast er unnt er miðað við tiltækan tækjabúnað og mannafla á hverjum tíma. Eðli málsins samkvæmt er kostnaður við þennan lið háður tíðarfari og því breytilegur milli ára. Til stendur að bjóða út snjómokstur að nýju á árinu 2019.

10710 Strætó

Áætlun fyrir árið 2019 vegna hlutdeildar Mosfellsbæjar í akstri Strætó bs. á skilgreindum leiðakerfum höfuðborgarsvæðisins er í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlunar í stjórn Strætó bs. Bætt var við þjónustu Strætó í Mosfellsbæ á árinu 2018 með tilkomu leiðar 7 sem er ný leið og fer bæði upp í Helgafellshverfi og í Leirvogstunguhverfi. Leið 7 tengist leið 15 við Varmá.



Kostnaður endurspeglar hlutdeild Mosfellsbæjar í byggðasamlaginu Strætó samkvæmt gildandi samningi um kostnaðarskiptingu.

10720 Biðskýli

Stefnt er að því að gert verði átak í endurnýjun og viðhaldi eldri biðskýla í Mosfellsbæ á næstu 3 árum og er því gert ráð fyrir eilítið hækkuðu framlagi rekstrar- og viðhaldsliðar að þessu sinni. Að öllu jöfnu eru biðskýli bæjarfélagsins máluð þegar þörf krefur og skipt um gler, staura, bekki og annað eftir þörfum.

11010 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir 11 fundum í umhverfisnefnd árið 2019 eða sama fjölda og árið 2018. Verkefni sem tilheyra þessum málaflokki hafa aukist á síðustu árum og eru jafnframt bæði þyngri og fyrirferðarmeiri. Það er almennt í takt við breyttar áherslur í þjóðfélaginu og breytingar á lagaumhverfi. Umhverfisnefnd hefur á sinni könnu stefnumótun á sviði umhverfismála þ.m.t. gróðri opinna svæða og skógrækt. Lokið verður við gerð nýrrar umhverfisstefnu á árinu 2019. Gert er ráð fyrir opnum fundum umhverfisnefndar á árinu 2019 í tengslum við frágang á þeim drögum að umhverfisstefnu sem nú liggur fyrir.

11020 Umhverfisdeild og Staðardagskrá

Á umhverfisdeild er færður starfsmannakostnaður umhverfisdeildar og garðyrkjustjóra auk kostnaðar við rekstrarliði sem tengjast málaflokknum. Á árinu 2019 er stefnt að því að halda fræðslufundi á sviði umhverfismála sem og hefja vinnu í tengslum við nýja umhverfisstefnu þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verða höfð til hliðsjónar.

Mikil ánægja hefur verið með þá áherslu sem Mosfellsbær hefur lagt á samgönguviku á síðastliðnum árum og verður þeirri vegferð haldið áfram. Framundan er einnig kynning á auknum möguleikum á vistvænum samgöngum auk kynningar á aukinni flokkun úrgangs við heimili bæjarbúa.

11310 Garðyrkjudeild

Til þess að halda í við stækkun bæjarfélagsins og þar með fjölgun opinna svæða með tilkomu nýrra hverfa er lögð áhersla á að búa betur að deildinni bæði hvað varðar búnað og hlífðarföt. Vinna þarf áfram í stefnumótun málaflokksins og gera fleiri svæði sjálfbær í umhirðu til þess að hægt verði að nýta fjármuni betur. Gerð er sú breyting milli ára að gera ráð fyrir sumarstarfsmönnum út allan ágústmánuð til þess að koma til móts við kröfur um umhirðu í tengslum við bæjarhátíðina í túninu heima.

11410 Opin svæði

Með stækkun bæjarins fjölgar þeim svæðum sem þarf að slá og hirða. Nú eru komin inn ný svæði bæði í Leirvogstungu og Helgafellshverfi. Af þeim sökum eykst verktakakostnaður vegna grassláttar og umhirðu milli ára. Umhirðustig er að öðru leyti svipað og verið hefur undanfarin ár. Hugað verður áfram að því að hefta útbreiðslu ágengra plantna árið 2019. Þá verður áfram unnið í samvinnu við Umhverfisstofnun að uppbyggingu friðlýstra svæða m.a. með nýjum upplýsingaskiltum og stígum.



11430 Leikvellir

Stefnt er að svipuðu umhirðustigi leikvalla og verið hefur síðastliðin ár. Farið verður í endurbætur leiktækja á þeim eldri leiksvæðum þar sem þörfin er mest.

11440 Garðlönd

Gert er ráð fyrir að umfang garðlanda verði með minna móti en undanfarin ár. Þannig falla nú brott garðlönd við Desjamýri vegna uppbyggingar á því svæði. Ekki gert ráð fyrir aukningu þar sem hámarki í fjölda úthlutaðra garða var náð árið 2011 og eftirspurn hefur farið minnkandi síðan. Þó að aðsókn hafi dalað hefur þótt rétt að halda þessum möguleika opnum fyrir bæjarbúa sem sjálfir vilja rækta sitt grænmeti.

31100 Skrifstofa Eignarsjóðs

Rekstur Eignarsjóðs verður með svipuðu sniði og verið hefur á undanförunum árum, með þeirri breytingu að starfsmenn sem hafa verið á ýmsum deildum í áætlun fram til þessa eru nú allir færðir á einn stað. Eins og verið hefur undanfarin tvö ár er rekstrar- og viðhaldspáttur í þjónustustöðinni og deildarstjóri og yfirmaður trésmiðju sinna stýringu daglegra verkefna. Stefnt er að því að koma á fót teymi tveggja iðnaðarmanna sem sinnir einfaldari viðhaldsverkefnum og hagræða þar í kostnaði vegna útkalla í kringum smáverkefni, sjá nánar skýringu undir liðnum Trésmiðja.

33210 Þjónustustöð

Gerð er sú breyting milli ára að deildarstjóri þjónustudeildar er færður með daglaunamönnum þjónustustöðvar til að hagræða og veita betri yfirsýn yfir rekstrarkostnað.

33240 Trésmiðja

Gert er ráð fyrir hækkun kostnaðar milli ára sem er mestmegnis tilkominn vegna nýs starfsmanns, en núverandi yfirmaður lætur af störfum vegna aldurs. Trésmiðja hefur verið stoðdeild fyrir Eignarsjóð sem gert hefur það að verkum að mögulegt hefur verið að hagræða í smíðakostnaði. Tilgangurinn er að ná fram lægri viðhaldskostnaði Eignarsjóðs.

33310 Vélar

Gert er ráð fyrir auknum viðhaldskostnaði við vélar þar sem búnaður á vörubíl og búnaður til snjómoksturs þarfnast endurnýjunar.

43210 Almennur rekstur Vatnsveitu

Mikil fjölgun í lagningu heimæða gerir það að verkum að rekstur vatnsveitu eykst að umfangi. Unnið verður áfram að þróun kerfis og átaksverkefnum í samræmi við þróunarskýrslu sem staðfest var í bæjarráði. Vegna mikillar stækkunar bæjarfélagsins og fjölda nýbygginga og þar með heimæða og breytinga á veitukerfinu verður útvistun allra stærri verkefna aukin frá því sem nú er. Talsvert hefur einnig verið um stærri verkefni svo sem lagningu nýrra stofnæða í takt við stækkun bæjarins ásamt undirbúningi að nýjum vatnstanki í hlíðum Úlfarsfells.



43220 Keypt kalt vatn

Gert er ráð fyrir lítils háttar aukningu í kaupum á köldu vatni milli ára. Gert er ráð fyrir að Laxnesdý nýtist betur til vatnstöku eftir endurnýjun lagna í Mosfellsdal árið 2018 og 2019. Framundan er ákvarðanatáka um framtíðar vatnstöku bæjarfélagsins og/eða aukin kaup á vatni frá Veitum þar sem brunnsvæði Laxnessdýja er í uppnámi.

43230 Viðhald veitukerfis

Viðhald veitukerfis er liður sem hækkar í takt við aldur kerfisins. Unnið hefur verið að innra eftirliti og lekaleitum í kerfinu. Mikil áhersla verður lögð árið 2019 á bættar ofanvatnslausnir.

05/07/08/13/21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, FJÁRMÁLADEILD OG MANNAUÐSDEILD

Á eftirtalda liði er færður kostnaður vegna málaflokka sem eru á forræði forstöðumanna í þjónustu- og samskiptadeild, mannauðsdeild og fjármáladeild. Málaflokkarnir spanna breytt svið eins og menningartengd verkefni, kynningarmál og almennan skrifstofurekstur, mannauðs- og launamál auk allrar umsýslu fjármála bæjarins. Stofnanirnar sem tilheyra deildunum eru: Bæjarskrifstofur, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn.

Færður er á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, framlög til lista- og menningarsjóðs, vinabæjatengsl, bæjarhátíðin “Í túninu heima” og þróunar- og ferðamál almennt. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna reksturs Héraðsskjalasafns.

05010 Menningar- og nýsköpunarnefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda nefndarfunda milli ára hjá hinni nýstofnuðu nefnd. Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við menningar- og nýsköpunarmál verða með svipuðum hætti og sl. ár en hlutverk nefndarinnar nær nú til allra atvinnugreina en ekki eingöngu ferðamála eins og áður.

05030 Laxnessetur

Á þennan lið er áætluð örlítið lægri fjárhæð en á árinu 2018 .

05110 Bókasafn

Rekstur bókasafns verður með óbreyttu sniði milli ára. Bókasafnið og Listasalur Mosfellsbæjar munu halda áfram að vera í fararbroddi menningarmála á vegum sveitarfélagsins, enda mikilvægur samkomustaður bæjarbúa í félagslegu, menningarlegu og listrænu tilliti. Útlán bókasafns eru án endurgjalds.

05310 Héraðsskjalasafn

Rekstur héraðsskjalasafns verður að mestu með óbreyttu sniði milli ára og liggur kostnaður þess í húsaleigu og launakostnaði. Safnið hefur eflst á síðustu árum og afhendingar skjala, fyrirspurnir og almenn þjónusta við íbúa og fræðimenn hefur aukist jafnt og þétt.



05520 Listasalur

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar þ.e. innkaup og þjónusta. Starfsmenn salarins eru starfsmenn Bókasafns og hefur forstöðumaður bókasafns og menningarmála yfirumsjón með rekstri Listasalarins.

05720...90 Hátíðahöld

Hér undir flokkast þjóðhátíð 17. júní, áramót, þrettándinn og öskudagur, Í túninu heima og ýmis hátíðarhöld. Stefnt er að því að kostnaður og umfang viðburða eins og Þrettándabrennu, Sumardagsins fyrsta, Menningarvors og bæjarhátíðarinnar í túninu heima verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.

05880 Aðrir styrkir

Hér eru bókfærðir almennir styrkir til félaga vegna húsaleigu og framlög bæjarsjóðs í Lista- og menningarsjóð, en menningarmálanefnd ber að gera starfsáætlun fyrir sjóðinn fyrir lok janúar hvert ár. Framlög eru með sama hætti og síðasta ár, fyrir utan 500 þ.kr. hækkun í Lista- og menningarsjóð. Gert er ráð fyrir að laun bæjarlistamanns séu greidd af þessum lið. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

21710 Vinabæjatengsl

Gert er ráð fyrir um 640 þús. kr. framlagi til vinabæjatengsla á næsta ári en fyrir dyrum standa tveir vinnufundir, annars vegar í Stokkhólmi og hins vegar Loimaa.

07–21 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs slökkviliðsins samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn SHS og vísast til áætlunarinnar sjálfrar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

07–41 Almannaðarnir höfuðborgarsvæðisins AHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs almannaðarna samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn AHS og vísast til áætlunarinnar sjálfrar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

03 Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósarhrepps. Áætlunin byggir á upplýsingum úr fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis.

21-01..82 Sameiginlegur kostnaður

Hér bókast allur hefðbundinn yfirstjórnarkostnaður sem er kostnaður við bæjarstjórn, bæjarráð og almennur skrifstofukostnaður. Kostnaðarhlutdeild B-hluta stofnana bæjarins í sameiginlegum kostnaði bæjarins hefur verið tekjufærð hjá málaflokknum og að sama skapi gjaldfærð hjá viðkomandi stofnunum eins og venja er.

21-41 Þjónustu- og samskiptadeild

Undir þessum lið er bókaður launakostnaður vegna starfsmanna í þjónustu- og samskiptadeild auk bæjarstjóra. Í þjónustu- og samskiptadeild starfa 12 starfsmenn í rúmlega 11 stöðugildum. Þar teljast þjónustufulltrúar, verkefnastjóri þjónustu, verkefnastjóri skjalamála og rafrænnar þjónustu, lögmaður Mosfellsbæjar og forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar. Rekstur bæjarskrifstofu þ.m.t. öryggisgæsla, þjónustuver, húsaleiga og rekstrarvörur er bókaður á þennan lið. Gert er ráð fyrir svipuðum útgjöldum á milli ára. Sú breyting er gerð milli ára að matráður og kostnaður vegna eldhúss er fluttur frá þjónustu- og samskiptadeild til mannauðsdeildar. Einnig er gerð tillaga að viðbótarstörfum sem nema allt að hálfu stöðugildi og felast annars vegar í 30% starfi persónuverndarfulltrúa og hins vegar í 20% starfi lögfræðings með sérþekkingu á persónuverndarlöggjöfinni og framkvæmd hennar.

21-41 Lýðræðis- og mannréttindanefnd

Undir þessum lið er bókaður kostnaður vegna nefndarfunda og verkefna á sviði jafnréttismála hjá þessari nýju nefnd. Á árinu 2019 er meðal annars gert ráð fyrir útgjöldum í fræðsluáttak og forvarnarverkefni í grunnskólum bæjarins.

21-42 Fjármáladeild

Fjármáladeild sér um umsýslu fjármála bæjarins. Í deildinni starfa fimm starfsmenn í fjórum stöðugildum auk fjármálastjóra. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga og innheimtu fasteignagjalda auk annarra gjalda. Hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð og gerð viðauka við fjárhagsáætlun og hefur umsjón með útgáfu skuldabréfa. Annast samskipti við fjármálastofnanir, verðbréfafyrirtæki og endurskoðendur. Loks ber fjármáladeild ábyrgð á og hefur umsjón með árshlutauppgjörum og gerð ársreiknings. Rekstrarkostnaður fjármáladeildar samanstendur að mestu af launakostnaði, innheimtukostnaði vegna útsvars sem rennur til ríkisins og árgjaldi til Þjóðskrár Íslands vegna fasteignaskrár.

21-43 Mannauðsdeild

Mannauðsdeild veitir öllum sviðum, deildum og stofnunum bæjarins ráðgjöf á sviði launasetningar, samningagerðar og ráðgjafar í starfsmannamálum, og auk þess stuðning til stofnana eftir þörfum og beiðni hverju sinni. Á deildinni starfa fjórir starfsmenn í þremur stöðugildum auk mannauðsstjóra sem veitir deildinni forstöðu. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir því að matráður og kostnaður vegna eldhúss tilheyri mannauðsdeild.

21-45 Upplýsingatækni

Hér er bókaður kostnaður vegna leigu og þjónustu miðlægra hugbúnaðarkerfa. Hér er um að ræða NAV fjárhagskerfið, Tímon, vefumsjónarkerfi, OneSystems skjalavistunarkerfi og H-laun svo nokkuð sé nefnt. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði á milli ára með tilliti til gildandi samninga.

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	6.162.498	6.741.411	7.824.881	8.194.136	8.502.343	8.723.147
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.689.371	1.748.403	1.882.000	1.969.601	2.030.163	2.075.545
Þjónustutekjur.....	2.163.978	2.192.944	2.475.797	2.582.953	2.668.081	2.714.917
	10.015.847	10.682.758	12.182.678	12.746.691	13.200.587	13.513.609
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	4.310.576	4.728.343	5.526.340	5.737.918	5.886.878	6.000.834
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	412.931	198.650	209.400	209.400	209.400	209.400
Annar rekstrarkostnaður.....	4.038.921	4.443.004	4.907.865	5.184.060	5.329.757	5.427.799
	8.762.428	9.369.997	10.643.605	11.131.378	11.426.036	11.638.033
Framlegð.....	1.253.419	1.312.761	1.539.073	1.615.312	1.774.552	1.875.576
Afskriftir.....	332.673	339.825	385.793	409.265	443.086	456.413
Niðurstaða án fjármagnsliða.....	920.746	972.936	1.153.280	1.206.047	1.331.465	1.419.163
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(326.391)	(581.249)	(685.650)	(711.002)	(708.850)	(701.453)
Tekjuskattur.....	(34.115)	(29.050)	(24.393)	(25.271)	(26.180)	(27.044)
Rekstrarniðurstaða.....	560.240	362.637	443.238	469.775	596.435	690.665

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	11.332.648	12.530.368	13.886.185	14.730.489	15.661.897	16.014.282
Veitukerfi, hafnarmannvirkir og götur	2.964.806	2.936.988	3.033.228	3.219.349	3.371.596	3.575.592
Vélar, áhöld og tæki	25.242	27.288	30.429	29.730	27.982	25.183
Leigugeignir	75.963	57.571	39.179	20.788	2.396	0
	14.398.659	15.552.215	16.989.022	18.000.356	19.063.870	19.615.057
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	248.018	248.268	258.268	258.268	258.268	258.268
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	810.909	799.017	801.155	803.160	806.848	809.947
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.058.927	1.047.285	1.059.423	1.061.428	1.065.116	1.068.215
Fastafjármunir	15.457.586	16.599.500	18.048.444	19.061.785	20.128.986	20.683.271
Veltufjármunir:						
Birgðir	1.889	1.889	1.889	1.889	1.889	1.889
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	1.011.615	1.011.615	1.011.615	1.011.615	1.011.615	1.011.615
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0 (	0) (	0)
Aðrar skammtímakröfur	830.837	830.837	830.837	830.837	830.837	830.837
Næsta árs afborganir langtímakrafna	31.009	31.789	25.459	23.735	19.236	17.622
Næsta árs aff. langtímakr. á eigin f.t.	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	53.554	286.576	304.980	399.568	480.353	878.847
Veltufjármunir	1.928.904	2.162.706	2.174.781	2.267.644	2.343.930	2.740.810
Eignir samtals	17.386.490	18.762.206	20.223.225	21.329.429	22.472.916	23.424.081

Samantekið - A og B hluti

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Eigið fé.....	5.594.395	5.855.663	6.301.501	6.773.875	7.372.910	8.066.175

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.590.343	1.705.343	1.810.343	1.905.343	1.990.343	2.065.343
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.596.759	1.711.759	1.816.759	1.911.759	1.996.759	2.071.759

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	7.846.924	8.195.465	9.252.202	9.752.391	10.175.228	10.375.527
Leiguskuldir.....	149.891	130.629	108.862	85.110	59.442	32.120
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0 (	0)	0	0 (	0)
	7.996.815	8.326.094	9.361.064	9.837.502	10.234.670	10.407.646

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárpörf.....	0	0	0	0	1	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0 (	0) (	0)	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	785.530	901.371	775.663	837.180	898.671	907.863
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	26.700	25.550	26.470	27.343	28.136	28.868
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0 (	0)	0 (	0) (	0)
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.386.291	1.941.769	1.941.769	1.941.769	1.941.769	1.941.769
	2.198.521	2.868.691	2.743.902	2.806.293	2.868.577	2.878.501

Skuldir og skuldbindingar samtals	11.792.095	12.906.544	13.921.724	14.555.553	15.100.006	15.357.906
-----------------------------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------

Eigið fé og skuldir samtals	17.386.490	18.762.206	20.223.225	21.329.429	22.472.916	23.424.081
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Sjóðstreymisýfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	560.242	362.637	443.238	469.775	596.435	690.665
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	332.673	339.825	385.793	409.265	443.086	456.413
Verðbætur og gengismunur	118.253	230.723	333.889	328.868	305.611	284.323
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	3.807	0 (	42.000)	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	19.881	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	201.000	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.235.856	1.113.184	1.300.920	1.387.908	1.525.132	1.611.402
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	2.450	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	184.547	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(818.070)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	347.306	555.478	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(56.690) (	65.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000) (	105.000)
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	(340.457)	490.478 (	75.000) (	85.000) (	95.000) (	105.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	895.399	1.603.662	1.225.920	1.302.908	1.430.132	1.506.402
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(957.226) (	1.595.000) (	1.820.000) (	1.418.000) (	1.504.000) (	1.005.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	42.000	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	110.587	31.733	32.024	25.693	23.957	19.450
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(845.639) (	1.563.267) (	1.755.976) (	1.392.307) (	1.480.043) (	985.550)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0 (	0)	0
Tekin ný langtímalán.....	700.000	1.000.000	1.500.000	1.000.000	1.000.000	800.000
Afborganir langtímalána.....	(773.476) (	807.374) (	951.541) (	816.013) (	869.305) (	922.357)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0 (	0) (	0) (	0) (	0)	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(73.476)	192.626	548.459	183.987	130.695 (	122.357)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(23.716)	233.022	18.404	94.588	80.784	398.495
Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun	77.270	53.554	286.576	304.980	399.568	480.352
Handbært fé (fjárför) í árslok	53.554	286.576	304.980	399.568	480.352	878.846

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Lykiltölur						
Í hlutfalli við tekjur						
Skatttekjur	61,5%	63,1%	64,2%	64,3%	64,4%	64,6%
Framlög jöfnunarsjóðs	16,9%	16,4%	15,4%	15,5%	15,4%	15,4%
Aðrar tekjur	21,6%	20,5%	20,3%	20,3%	20,2%	20,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	47,2%	46,1%	47,1%	46,7%	46,2%	46,0%
Annar rekstrarkostnaður	40,3%	41,6%	40,3%	40,7%	40,4%	40,2%
Afskriftir	3,3%	3,2%	3,2%	3,2%	3,4%	3,4%
Fjármagnsliðir, nettó	3,3%	5,4%	5,6%	5,6%	5,4%	5,2%
	94,1%	96,3%	96,2%	96,1%	95,3%	94,7%
Peningaleg staða (neikvæð)	-90,4%	-93,1%	-89,8%	-90,1%	-90,5%	-87,4%
Skuldir og skuldbindingar	117,7%	120,8%	114,3%	114,2%	114,4%	113,6%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	5,6%	3,4%	3,6%	3,7%	4,5%	5,1%
Framlegð	12,5%	12,3%	12,6%	12,7%	13,4%	13,9%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	12,3%	10,4%	10,7%	10,9%	11,6%	11,9%
Fjárfestingarhreyfingar	-8,4%	-14,6%	-14,4%	-10,9%	-11,2%	-7,3%
Í þúsundum króna á hvern íbúa						
Rekstur						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	744	747	816	816	820	823
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	205	193	208	207	208	207
Tekjur samtals	949	940	1.024	1.023	1.028	1.030
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó	948	961	1.049	1.048	1.049	1.048
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	53	32	37	38	46	53
Efnahagur						
Heildareignir	1.647	1.651	1.699	1.712	1.750	1.785
Eigið fé	530	515	529	544	574	615
Skuldbindingar og aðrir liðir	151	151	153	153	156	158
Skuldir	966	985	1.017	1.015	1.021	1.012
Eigið fé og skuldir samtals	1.647	1.651	1.699	1.712	1.750	1.785
Aðrar lykiltölur						
Veltufjárhlutfall	0,88	0,75	0,79	0,81	0,82	0,95
Eiginfjárhlutfall	0,32	0,31	0,31	0,32	0,33	0,34
Skuldahlutfall	117,7%	120,8%	114,3%	114,2%	114,4%	113,6%
Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum	103,9%	107,0%	100,4%	100,4%	100,6%	99,8%
Íbúafjöldi 31. desember	10.556	11.362	11.902	12.456	12.839	13.126

Sveitarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	6.176.248	6.755.791	7.840.217	8.209.886	8.518.503	8.739.727
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.689.371	1.748.403	1.882.000	1.969.601	2.030.163	2.075.545
Þjónustutekjur.....	1.449.467	1.459.152	1.604.300	1.714.872	1.774.771	1.804.030
	9.315.086	9.963.346	11.326.517	11.894.360	12.323.436	12.619.301
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	4.279.801	4.696.443	5.494.763	5.704.871	5.852.815	5.966.010
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	412.931	198.650	209.400	209.400	209.400	209.400
Annar rekstrarkostnaður.....	3.661.075	4.048.634	4.442.300	4.696.105	4.827.892	4.916.951
	8.353.807	8.943.727	10.146.463	10.610.377	10.890.107	11.092.361
Framlegð	961.279	1.019.619	1.180.054	1.283.983	1.433.329	1.526.941
Afskriftir.....	279.734	288.733	324.678	338.875	366.171	372.598
Niðurstaða án fjármagnsliða	681.545	730.886	855.376	945.108	1.067.158	1.154.343
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(260.511)	(487.394)	(584.699)	(614.185)	(617.475)	(614.797)
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	421.034	243.492	270.677	330.923	449.683	539.545

Sveitarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	11.183.521	12.354.310	13.641.104	14.470.275	15.387.201	15.725.753
Veitukerfi, hafnarmannvirkir og götur	1.691.955	1.472.160	1.208.539	1.205.183	1.201.827	1.198.471
Vélar, áhöld og tæki	21.155	23.201	26.342	25.643	23.895	21.096
Leigugeignir	75.963	57.571	39.179	20.788	2.396	0
	12.972.594	13.907.242	14.915.164	15.721.889	16.615.318	16.945.320
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	248.018	248.268	258.268	258.268	258.268	258.268
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	51.753	32.443	21.143	12.693	9.893	9.893
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	468.934	459.172	451.426	440.118	424.703	405.532
	768.705	739.883	730.837	711.079	692.864	673.693
Fastafjármunir	13.741.299	14.647.125	15.646.001	16.432.968	17.308.182	17.619.013
Veltufjármunir:						
Birgðir	1.889	1.889	1.889	1.889	1.889	1.889
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	959.199	959.199	959.199	959.199	959.199	959.199
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	15.492	58.642	114.139	174.573	242.462
Aðrar skammtímakröfur	825.144	825.144	825.144	825.144	825.144	825.144
Næsta árs afborganir langtímakrafna	21.790	18.710	11.300	8.450	2.800	0
Næsta árs aff. langtímakr. á eigin f.t.	19.751	22.424	24.276	26.205	28.179	30.213
Handbært fé	52.739	259.113	276.841	371.870	453.214	851.557
Veltufjármunir	1.880.512	2.101.970	2.157.291	2.306.896	2.444.998	2.910.463
Eignir samtals	15.621.811	16.749.095	17.803.292	18.739.864	19.753.180	20.529.477

Sveitarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
31. desember						
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé.....	4.576.196	4.718.319	4.991.596	5.325.119	5.777.402	6.319.547
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar.....	1.590.343	1.705.343	1.810.343	1.905.343	1.990.343	2.065.343
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.590.343	1.705.343	1.810.343	1.905.343	1.990.343	2.065.343
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir.....	6.583.213	6.934.983	7.984.941	8.483.946	8.912.624	9.124.680
Leiguskuldir.....	149.891	130.629	108.862	85.110	59.442	32.120
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
	6.733.104	7.065.612	8.093.803	8.569.057	8.972.067	9.156.800
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárpörf.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	598.016	468.339	242.886	215.327	228.058	194.509
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	751.800	864.802	737.064	796.545	856.044	863.279
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	26.700	25.550	26.470	27.343	28.136	28.868
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.345.652	1.901.130	1.901.130	1.901.130	1.901.130	1.901.130
	2.722.168	3.259.821	2.907.550	2.940.345	3.013.368	2.987.786
Skuldir og skuldbindingar samtals	11.045.615	12.030.776	12.811.696	13.414.745	13.975.778	14.209.929
Eigið fé og skuldir samtals	15.621.811	16.749.095	17.803.292	18.739.864	19.753.180	20.529.477

Sveitarsjóður - A hluti

Sjóðstreymisfirlit

Rekstrarhreyfingar:

	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Niðurstaða ársins.....	421.035	243.492	270.677	330.923	449.683	539.545
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	279.734	288.733	324.678	338.875	366.171	372.598
Verðbætur og gengismunur	100.472	203.385	298.094	296.451	277.650	259.913
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	3.807	0 (	0)	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	201.000	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.006.048	915.611	1.073.448	1.146.249	1.273.504	1.352.056
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	2.450	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	170.145	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(815.232)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	358.898	555.478	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(56.690) (	65.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000) (	105.000)
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	(340.429)	490.478 (	75.000) (	85.000) (	95.000) (	105.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	665.619	1.406.089	998.448	1.061.249	1.178.504	1.247.056
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(839.522) (	1.325.000) (	1.330.000) (	1.143.000) (	1.257.000) (	700.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	101.848	22.390	18.710	11.300	8.450	2.800
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	18.901	20.018	22.827	24.676	26.585	28.545
Fjárfestingarhreyfingar	(717.773) (	1.282.592) (	1.298.463) (	1.107.024) (	1.221.965) (	668.655)
Fjármögnunarahreyfingar:						
Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	70.428 (	145.169) (	268.603) (	83.056) (	47.703) (	101.438)
Tekin ný langtímalán.....	700.000	1.000.000	1.500.000	1.000.000	1.000.000	800.000
Afborganir langtímalána.....	(740.719) (	771.953) (	913.655) (	776.141) (	827.491) (	878.622)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarahreyfingar	29.709	82.877	317.743	140.803	124.806	(180.059)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(22.445)	206.374	17.728	95.029	81.345	398.343
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	75.184	52.739	259.113	276.841	371.870	453.214
